

Fuglalíf Tjarnarinnar árið 2013



**Ólafur K. Nielsen
Jóhann Óli Hilmarsson**

Reykjavík og Stokkseyri, janúar 2014

ÁGRIP

Fuglafána Tjarnarinnar hefur verið vöktuð frá árinu 1973. Fimm andategundir hafa verið árvissir varpfuglar á þessu tímabili: stökkönd, gargönd, duggönd, skúfönd og æður. Varpstofnum gargandar, duggandar og æðar hefur hnignað verulega og að óbreyttu munu þessar tegundir hverfa úr fuglafánu Tjarnarinnar innan fárra ára. Langvarandi viðkomubrestur stendur andastofnunum fyrir þrifum og þetta ástand hefur varað í a.m.k. 20 ár. Ástandið 2013 var í samræmi við þessa þróun, aldrei frá upphafi mælinga 1974 hafa andapör verið jafnfá og varpafkoman var ein sú lélegasta sem mælst hefur. Þrjár megin skýringar eru taldar líklegastar á lélegri varpafkomu: fæðuskortur, afrán, og hnignun búsvæða. Tjörnin er fuglagarður í miðri borg og umsjón og ábyrgð þessa svæðis er á hendi Borgaryfirvalda. Ástand mála við Tjörnina er fullkomlega óviðunandi og í engu samræmi við mikilvægi Tjarnarfuglanna fyrir borgarbúa. Lagt er til að hafið verði ræktunarstarf, líkt og stundað var á árunum 1956–1970, þegar egg voru klakin og ungarnir aldir á Tjörninni. Jafnframt að ráðinn verði eftirlitsmaður til að sjá um umhirðu fuglanna. Nýleg endurheimt votlendis í friðlandinu í Vatnsmýri er af hinu góða og þessum tilraunum veður haldið áfram á árinu 2014.

EFNISYFIRLIT

ÁGRIP	2
2 FUGLALÍF 2013	5
<i>Stökkönd</i>	5
<i>Gargönd</i>	5
<i>Duggönd</i>	7
<i>Skúfönd</i>	7
<i>Æður</i>	7
<i>Aðrar endur</i>	8
<i>Grágæs</i>	8
<i>Kría</i>	8
<i>Aðrir fuglar</i>	9
<i>Annað starf</i>	9
<i>Vinir Tjarnarinnar</i>	10
3 UMRÆÐUR	10
4 HEIMILDIR	11
5 TÖFLUR	12

Mynd á forsiðu: Rauðhöfðasteggir. Ljós. JÓH

1 INNGANGUR

Fuglar hafa verið taldir á Tjörninni á vorin og síðsumars áratugum saman. Tilgangurinn er að fylgjast með stofnbreytingum og þessi vöktun hefur beinst að andfuglum (gæsum og öndum) og einnig kríu, en ekki mófuglum í Vatnsmýrinni.

Fuglar voru taldir þrisvar sinnum árið 2013, tvisvar í maí og einu sinni í júlí. Allir fuglar voru taldir á Norðurtjörn, Suðurtjörn, Þorfinnstjörn, Vatnsmýrartjörn og Hústjörn, sem og í friðlandinu í Vatnsmýri (1. mynd). Talningar í maí gefa stærð varpstofna og síðsumarstalningin viðkomuna. Hjá öndum er stærð varpstofns miðuð við fjölda kolla. Hér á eftir verður fjallað um endur, gæsir og kríu.



1. mynd. Tjörnin og friðland fugla í Vatnsmýri. Friðlandið er markað með síkjum. Tekið af Borgarvefsjá 19.1.2014.

2 FUGLALÍF 2013

Fimm andategundir urpu við Tjörnina sumarið 2013: stökkönd, gargönd, duggönd, skúfönd og æður. Þessar tegundir hafa verið árvissir varpfuglar frá upphafi talninga 1973.

Stökkönd

Í maí sáust mest 34 stökkandarkollur og 54 í júlí (1. tafla). Samanburður við fyrri ár sýnir að varpstofninn var sterkur á 8. áratug nýliðinnar aldar (100 til 120 pör), síðan fækkaði og lágmark var 1995 (45 pör), eftir það óx stofninn jafnt og þétt og var kominn í 113 pör 2007 en síðan hefur fækkað á ný og frá 2011 hafa verið rétt líðlega 50 pör (2. og 3. mynd; 2. tafla). Samtals felldu 223 stökkandarsteggir flugfjaðrir á Tjörninni 2013 en þetta eru bæði heimafuglar og aðkomufuglar. Fellisteggjum¹ hefur fækkað mikið frá því sem áður var og fjöldinn 2012 (219 steggir) og 2013 er sá lægsti frá upphafi talninga (4. mynd). Í lok júlí 2013 voru tvær stökkandarkollur með samtals þrjá unga. Þetta er lélegasta viðkoma frá upphafi mælinga (5. mynd; 3. tafla).


Gargönd

Eitt gargandarpar var á Tjörninni vorið 2013 og síðsumars var kollan með 7 unga og önnur kolla sást að auki (1. tafla). Varpstofni gargandar hefur hrakað verulega en vel gekk hjá þessari einu kollu með sinn unгахóp sem ólst upp í skjóli krúvarpsins í Vatnsmýrarfriðlandinu (3. og 5. mynd, 2. og 3. tafla).




2. mynd. Stökkandarsteggur. Ljósmynd. JÓH.

¹ Andasteggir fella flugfjaðrir síðsumars, sagt er að þeir séu í sárnum á þessum tíma. Þeir skipta þá jafnframt um bolfiður og skrýðast felubúningi.




3. mynd. Andakollur á Tjörninni vorin 1974–2013. Gögn vantar fyrir allar tegundir árin 1982 til 1987, fyrir æður 1981 og duggönd 1993. Rauðu ferlarnir sýna megin leitni gagnaraðanna og eru reiknaðir með „distance weighted least square regression-aðferðinni“.



4. mynd. Fellisteggir stökkandar á Tjörninni 1973 til 2013. Gögn vantar fyrir árin 1981 til 1987 og 1992 og 1993. Rauði ferillinn sýnir megin leitni gagnaraðarinnar og er reiknaður með „distance weighted least square regression-aðferðinni“.

Duggönd

Varpstofn duggandar taldi 5 kollur vorið 2013 (1. og 2. tafla, 3. mynd). Duggöndum hefur fækkað jafnt og þétt frá 1980 og frá 2003 hefur varpstofninn talið færri en 10 kollur. Síðsumars voru tvær ungamæður með samtals 6 unga en viðkoma duggandarinnar hefur verið léleg um langa hríð (5. mynd, 3. tafla).



5. mynd. Andarungar á Tjörninni síðsumars 1973–2013. Gögn vantar fyrir árin 1983 til 1985, 1987 og 1992 til 1993, einnig vantar stökkönd og gargönd 1986, stökkönd, gargönd, duggönd og skúfönd 1994, og æður 1995. Rauðu ferlarnir sýna megin leitni gagnaraðanna og eru reiknaðir með „distance weighted least square regression-aðferðinni“.

Skúfönd

Stofnbreytingar skúfandar hafa verið frábrugðnar stofnbreytingum annarra Tjarnaranda. Skúfandarstofninn óx á árunum 1980 til 1998 en síðan hefur hann minnkað (3. mynd). Viðkoma skúfanda batnaði jafnt og þétt á sama tíma og stofninn óx á 8. og 9. áratugnum og var í hámarki á fyrrihluta 10. áratugarins, nokkrum árum á undan hámarki í stofnstærð. Frá miðjum 10. áratugnum hefur viðkoman verið lakari og sérstaklega hafa árin frá og með 2005 verið léleg. Varpstofn skúfandar 2013 taldi 22 kollur og þrjár þeirra komu upp 5 ungum sem er með því lakasta sem mælst hefur frá upphafi (5. mynd; 1.–3. tafla).

Æður

Varpstofn æðarfugls taldi einungis fjögur pör vorið 2013 og varpstofninn hefur aldrei talið færri fugla (1. tafla). Æðarstofninn á Tjörninni var stærstur á 8. og 9. áratug síðustu aldar, síðan hefur hann verið í samfelldri niðursveiflu sem varað hefur

allavega í 25 ár (3. mynd, 2. tafla). Fimm æðarungar voru á lífi síðsumars sem er með því lakasta sem mælst hefur (1. tafla).



6. mynd. Kría kemur úr kafi. Ljós. JÓH.

Aðrar endur

Rauðhöfðaendur, par og stakur steggur, sást í talningum í maí og í júlí sást nýlega fleygur ungi (1. tafla). Rauðhöfðar sást í nokkur skipti þess utan, m.a. tveir steggir og þrjár kollur 28. desember. Urtendur hafa haft vetursetu á Tjörninni um árabíl og hópurinn taldi 17 fugla 28. desember. Það hefur heldur fækkað í vetursetuhópnum frá fyrri árum, en veturinn 2006–07 taldi hópurinn mest 37 fugla (25. nóvember 2006) og 36 fugla veturinn 2007–08 (29. desember 2007). Þessir fuglar halda sig á Vatnsmýrartjörn og á skurðum í Vatnsmýrinni. Fullorðin urtönd sást á Vatnsmýrartjörn 26. júlí en það er mjög óvanalegt að sjá þær á svæðinu á sumrin. Toppendur mest 4 steggir sást í talningum í maí (1. tafla).

Grágæs

Þann 26. júlí 2013 sást 223 gæsir, 11 ungar og 212 fullorðnar (1. tafla). Þetta er svipaður fjöldi og 2012 en gæsum sem dvelja á Tjörninni yfir vor og sumar hefur fækkað á síðustu árum.

Kría

Mikill þróttur var í kríuvarpinu við Tjörnina 2013 annað árið í röð (6. mynd). Tugir fugla voru á svæðinu alla daga frá maí og fram í júlí, mest 150 fullorðnar kríur þann 18. júlí. Kríur urpu á tveimur stöðum, annars vegar í moldarflagi á vesturhluta friðlandsins og hins vegar í Þorfinnshólma. Þann 11. júní lágu 13 kríur á eggjum í Þorfinnshólma og 45 í flaginu. Sumarið 2012 voru kríuhreiðrin a.m.k. 55. Þetta er annað árið sem kríur verpa í flaginu en það varð til við gröft á síki við vesturmörk friðlandsins á útmánuðum 2012. Eitthvað drapst af kríuungum og meðal annars sást

5 nýdauðir þann 17. júlí í varpinu við Vatnsmýrartjörn. Kríuungar komust þó á legg og þann 26. júlí sáust 128 fullorðnir fuglar og 15 fleygir ungar við Tjörnina. Varpárangurinn var mun betri 2012 en þá komust upp um 70 ungar.

Aðrir fuglar

Álftir höfðu vetursetu á Tjörninni og vetursetuhópurinn taldi 57 fugla 28. desember. Heiðagæs hefur haldið til með grágæsunum síðastliðin ár, hún var veturinn 2012 til 2013 og eins nú í vetur (2013 til 2014). Sílamáfar voru daglegir gestir við Tjörnina yfir vor og sumar og í talningum í maí sáust 116 og 70 sílamáfar og í júlí 170. Kolperna dvaldi í Vatnsmýrarfriðlandi í júní og júlí og sást m.a. í talningunni þann 26. júlí. Nokkuð sást af mófuglum í friðlandinu í maí til júlí, tíðastir voru tjaldur (eitt par varp í friðlandinu), heiðlóa, sandlóa (1 par varp í friðlandinu), hrossagaukur, stelkur og þúfutittlingur. Ungur jaðrakan sást 26. júlí. Lóuþrælar sáust nokkrum sinnum í júlí m.a. 2 þann 16. og 4 þann 28. Tveir spóar sáust 19. júlí og einn þann 26. sama mánaðar. Maríuerla var með hreiður í grjóthleðslunni við síkið í friðlandinu. Grábröstur sást í Vatnsmýri 28. desember.



7. mynd. *Kolperna hélt til við Vatnsmýrartjörn dagana 26. júní til 27. júlí. Myndin er tekin 9. júlí 2013. Ljós. JÓH.*

Annað starf

Skýrsluhöfundar sáu um að skipta út fuglaskiltum við Iðnó, en þar er gert þrisvar á ári, snemma vors, á miðju sumri og um haustið.



8. mynd. *Sjálfbóðaliðar sem tóku þátt í hreinsun í friðlandinu í apríl 2013. Talið frá vinstri Brynjólfur Kjartansson, Katrín Ragnars, Margrét Guðmundsdóttir, Þuríður Helga Kristjánsdóttir, Ólafur K. Nielsen, Jóna Óladóttir, Ólafur Einarsson og Hólmfríður Arnardóttir. Ljós. Anon.*

Vinir Tjarnarinnar

Að frumkvæði Fuglaverndar og Norræna hússins var leitað til sjálfbóðaliða um vinnu í friðlandinu. Hópurinn, samtals 8 manns, kom saman einn dag í apríl og hreinsaði rusl úr síkjum og klippti runna og tré sem voru farin að vaxa inn í votlendið (8. mynd). Tré og runnar voru fjarlægð til að koma í veg fyrir að skógur eða kjarr vaxi upp í friðlandinu en slíkt búsvæði hentar ekki þeim fuglum sem byggja friðlandið líkt og öndum, kríu og vaðfuglum. Ætlunin er að halda þessu starfi áfram og hópurinn „Vinir Tjarnarinnar“ verður kallaður til verka með hækkandi sólu.

3 UMRÆÐUR

Niðurstöður vöktunar Tjarnarfugla 2013 eru í fullu samræmi við þá mynd sem dregin hefur verið á liðnum árum og lýsir fuglastofnum í kreppu. Það sem einkennir ástandið er viðvarandi viðkomubrestur og hnignun varpstofna. Þrjár af 5 andategundum sem verpa við Tjörnina, gargönd, duggönd og æður, eru við það að deyja út. Við höfum á liðnum árum ítrekað rætt um mögulegar skýringar á þessari kreppu (Ólafur K. Nielsen og Jóhann Óli Hilmarsson 2007, 2011, 2012, Ólafur K. Nielsen 2013). Í stuttu máli þá teljum við að fæðuskortur, afrán og skerðing búsvæða skýri hnignun fuglastofnanna. Við höfum einnig gert tillögur til úrbóta sem í hnotskurn fela í sér að borgin hefji aftur ræktunarstarf í þeim anda sem einkenni umhirdu Tjarnarfugla á árunum 1956 til 1986.

Að frumkvæði Norræna hússins, í samstarfi við Reykjavíkurborg og Háskólann, verður haldið áfram við endurheimt votlendis í friðlandinu í Vatnsmýri. Framkvæmdir hófust 2012 og hafa haft jákvæð áhrif á fuglalífið. Kríuvarpið hefur verið í uppsveiflu og endur komið upp ungum undir verndarvæng hennar. Það er von

okkar að þessar breytingar hafi jafnframt áhrif á varp anda, það þéttist og fái vernd í friðlandinu.

4 HEIMILDIR

Ólafur K. Nielsen 2013. Til varnar Tjörninni, minni gömlu fóstru! Fuglar 9: 30-35.

Ólafur K. Nielsen & Jóhann Óli Hilmarsson 2007. *Fuglalíf Tjarnarinnar árið 2007*. Skýrsla til Garðyrkjustjóra, 16 bls.

Ólafur K. Nielsen & Jóhann Óli Hilmarsson 2011. *Fuglalíf Tjarnarinnar árið 2011*. Skýrsla til Garðyrkjustjóra, 14 bls.

Ólafur K. Nielsen & Jóhann Óli Hilmarsson 2012. *Fuglalíf Tjarnarinnar árið 2012*. Skýrsla til Garðyrkjustjóra, 17 bls.

5 TÖFLUR

1. tafla. Andatalningar á Tjörninni 2013.

Tegund	Aldur	7. maí	24. maí	26. júlí
Álft	fullo	18	3	3
Grágæs	fullo	32	23	212
Grágæs	ungar	0	0	11
Stökkönd	steggir	55	59	223
Stökkönd	kollur	34	32	54
Stökkönd	ungar	0	0	3
Gargönd	steggir	1	1	0
Gargönd	kollur	1	1	2
Gargönd	ungar	0	0	7
Rauðhöfði	steggir	0	2	0
Rauðhöfði	kollur	0	1	0
Rauðhöfði	ungar	0	10	1
Urtönd	fullorðinn	0	0	1
Duggönd	steggir	2	4	3
Duggönd	kollur	2	3	5
Duggönd	ungar	0	0	6
Skúfönd	steggir	51	41	2
Skúfönd	kollur	22	20	21
Skúfönd	ungar	0	0	5
Æður	steggir	7	7	0
Æður	kollur	4	4	3
Æður	ungar	0	0	5
Toppönd	steggir	1	4	0

2. tafla. Andakollur á Tjörninni í Reykjavík vorið 2013, samanborið við meðaltal árána 1974–2013.

	Stökkönd	Gargönd	Skúfönd	Duggönd	Æðarfugl	Samtals
Talning 2013	54	1	22	5	4	86
Meðaltal 1974–13	80	3	27	14	32	155
Hámark	115	6	50	32	72	214
Lágmark	45	1	11	5	4	86
Staðalfrávik	18,42	1,40	7,86	8,18	15,21	31,80
Breytileikastuðull	23%	52%	30%	57%	47%	20%
Ár (n)	34	34	34	33	33	32
Fylgnistuðull r	-0,368	-0,405	0,517	-0,909	-0,700	-0,680

Breytileikastuðull er hlutfall staðalfráviks af meðaltali.

3. tafla. Stálpaðir andarungar á Tjörninni í Reykjavík síðsumars 2013, samanborið við meðaltal árána 1973–2013.

	Stökkönd	Gargönd	Skúfönd	Duggönd	Æðarfugl	Samtals
Talning 2013	3	7	5	6	5	26
Meðaltal 1974–13	54	6	25	16	45	145
Hámark	140	31	94	58	125	316
Lágmark	3	0	0	0	0	24
Staðalfrávik	29,59	6,64	18,35	15,50	30,31	77,46
Breytileikastuðull	55%	115%	73%	97%	68%	53%
Ár (n)	33	33	34	34	34	32
Fylgnistuðull r	-0,575	-0,452	-0,103	-0,719	-0,721	-0,723

Breytileikastuðull er hlutfall staðalfráviks af meðaltali.